



Reykjavík, 8. mars 2023
MOF23030001

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð
Borgartúni 14
105 Reykjavík

Tillaga að breyttum verklagsreglum Barnabókaverðlauna Guðrúnar Helgadóttur

Lagt er til að í stað þess að afhenda Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur að vori fari afhendingin fram á eða í kringum afmælisdag Guðrúnar Helgadóttur þann 7. september ár hvert. Með þessum hætti njóta verðlaunin sín betur þar sem þau verða ekki afhent ofan í Barnabókaverðlaunum Reykjavíkurborgar. Þar sem verðlaunin eru handritaverðlaun mun einnig, með þessum breytingum, gefast meiri tími í ritstjórn og undirbúning útgáfu. Að lokum hafa útgefendur bent á að vorin séu óheppilegur tími til útgáfu og að meiri líkur séu á því að bækur sem vinni til Barnabókaverðlauna Guðrúnar Helgadóttur fái verðskuldaða athygli ef þær koma út að hausti.

Í samræmi við breyttar verklagsreglur Barnabókaverðlauna Reykjavíkur sem samþykktar voru á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs þann 27. janúar s.l. er einnig lögð fram sú tillaga að IBBY á Íslandi, félagasamtök áhugamanna um barnabókmennir og barnamenningu á Íslandi, tilnefni einn fulltrúa í dómnefnd Barnabókaverðlauna Guðrúnar Helgadóttur í stað menningar-, íþróttá og tómstundaráðs. Þannig verður dómnefnd verðlaunanna skipuð fagfólk sem er vel til þess fallið að meta gildi og gæði handritanna sem berast en aðrir sem tilnefna fulltrúa eru eftir sem áður Reykjavík bókmenntaborg UNESCO og Rithöfundasamband Íslands. Það er svo menningar-, íþróttá- og tómstundaráð sem skipar dómnefnd verðlaunanna til eins árs í senn.

Virðingarfyllst,

Maria Rut Reynisdóttir

María Rut Reynisdóttir
Skrifstofa menningarmála
Menningar- og íþróttasviði

Samrit:

Hjálagt: Tillaga að nýjum verklagsreglum Barnabókaverðlauna Guðrúnar Helgadóttur

Verklagsreglur Barnabókaverðlauna Guðrúnar Helgadóttur

1.

Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur eru nefnd eftir Guðrúnu Helgadóttur rithöfundi og borgarlistamanni Reykjavíkur 2017. Þau eru veitt fyrir óprentað handrit að barna- eða unglingsabók. Gerð er krafa um að bókin sé svo kölluð kaflabók og ritmál sé ríkjandi.

2.

Ein verðlaun eru veitt ár hvert. Afhending fer fram á eða í kringum afmælisdag Guðrúnar Helgadóttur, þann 7. september. Verðlaunafé er greitt af Reykjavíkurborg. Fjárhæð er samkvæmt ákvörðun menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs hverju sinni í samræmi við fjárhagsáætlun.

3.

Dómnefnd til verðlaunanna er skipuð af menningar-, íþróttar- og tómstundaráði til eins árs í senn. Þar af einn samkvæmt tilnefningu Reykjavíkur bókmenntaborgar UNESCO, einn samkvæmt tilnefningu Rithöfundasambands Íslands og einn samkvæmt tilnefningu IBBY á Íslandi. Reykjavík bókmenntaborg UNESCO skipar formann. Sami einstaklingur skal ekki sitja í valnefnd lengur en í þrjú ár samfellt. Laun dómnefndar greiðast af fjárveitingu menningar- og íþróttasviðs. Tilkynna skal borgarráði um skipan dómnefndar.

4.

Auglýst skal eftir handritum að haustlagi ár hvert og skulu handrit berast til skrifstofu Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO. Handritum sem keppa til verðlaunanna skal skilað undir dulnefni, en nafn og símanúmer fylgi með í innsigluðu umslagi sem einnig er merkt sama dulnefni og titli handritsins. Útgáfurettur verðlaunahandrits er í höndum höfundar eða þess forlags sem hann kýs sér.

5.

Sé dómnefnd á einu máli um að ekkert þeirra verka sem borist hafa fullnægi þeim kröfum sem hún telur að gera verði til verðlaunaverka, má fella verðlaunaafhendingu niður það ár.